

Gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu (félagslega heimaþjónustu) hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999 og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali. Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst
Undir 5.495.712	Undir 6.580.660	0
Milli 5.495.713 – 9.040.428	Milli 6.580.661 – 9.308.726	990
Yfir 9.040.429	Yfir 9.208.727	1396

2.gr.

Notandi heimaþjónustu greiðir fyrir þrif á heimili en önnur félagsleg heimaþjónusta þ.e. umönnunarþjónusta og félagslegur stuðningur er endurgjaldslaus.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

3.gr.

Um málsmeðferð og málskotsrétt vegna álagningar gjalda fer samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks.

Heimilt er að skjóta ákvörðunum starfsmanna um gjaldtöku til fagnefndar SVÁ. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að notanda varð kunnugt um ákvörðunina.

Ákvörðun fagnefndar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega innan þriggja mánaða frá því að notanda varð kunnugt um ákvörðun fagnefndar.

Reglur þessar öðlast gildi þegar fagnefnd og sveitarfélögin sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíks bs. hafa tekið reglurnar fyrir hjá sér.